

FORNLEIFASKÝRSLA VEGNA TORFUNEFBSBRYGGJU AKUREYRI



Katrín Gunnarsdóttir
Fornleifafræðingur MA

Janúar-febrúar 2016

Efnisyfirlit

Inngangur. Torfunefsbyggja.	3
Sögulegar heimildir um Torfunefsbyggju.	4
Niðurstöður	5
Samantekt á niðurstöðum.	7
Kort	8
Heimildaskrá	9
Fylgiskjal.....	10

Inngangur. Torfunefsbyggja.

Vegna fyrirhugaðra framkvæmda samkvæmt tillögu að deiliskipulagi á hafnarsvæði frá Strandgötu að Torfunefsbyggju, sem felur í sér stækkun bryggjunnar og hugsanlegt rask, er hér gerð grein fyrir aldri hennar og þeim breytingum sem átt hafa sér stað frá því að hún var upphaflega byggð 1905 fram til ársins 1950 þegar hún var stækkuð.

Fornleifaskráningin er unnin af Katrínu Gunnarsdóttur fornleifafræðingi MA.

Skipulagsstjórinn á Akureyri Bjarki Jóhannesson óskaði í janúar 2016 eftir því við mig, Katrínu Gunnarsdóttir fornleifafræðing, að vinna fornleifaskráningu vegna fyrirhugaðs deiliskipulags Hofsbótar.

Fornleifaskráning hefur ekki áður farið fram á Torfunefsbyggju.

Svæðið sem hér er skráð afmarkast af ytri mörkum elstu og núverandi Torfunefsbyggju.

Deiliskipulagsvinna á áðurnefndu svæði verður unnin af Landslagi ehf.

Vinna við þetta verkefni fór fram janúar-febrúar 2016.

Skoðuð voru gömul kort af hafnargerðinni frá 1905 og borin saman við yngri kort. Farið var í gegnum Gjörðabækur hafnarstjórnar Akureyrar frá 1906-1990. Leitað var heimilda í ritinu "Íslenskar hafnir og hafnargerð", sem gefið var út af Siglingamálstofnun ásamt öðrum upplýsingum sem á einhvern hátt komu við um sögu Torfunefsbyggju.

Sögulegar heimildir um Torfunefsbyggju.

Í riti Siglingastofnunnar Íslands frá 2009 segir m.a. um aðdraganda byggingar Torfunefsbyggju: - Frá því að fyrstu kaupskipin hófu að sigla til Íslands hefur Akureyrarhöfn þótt eitt allra besta hafnarstæði landsins. Þar var gott lægi fyrir kaupskipin á Pollinum, og jafnvel eftir að hafnarmannvirki voru byggð hefur höfnin þótt ein besta og örugguasta höfn landsins.

Á 19. öld mátti líta litlar bátabyggjur eða flotbyggjur, sem settar voru upp á vorin og teknar í land á haustin. Í lok 19. aldar þegar verslun og útgerð var tekin að dafna, létu kaupmenn og útgerðarmenn sjálfir byggja sínar trébyggjur.

Bæjaryfirvöld á Akureyri höfðu þó lítil afskipti af byggju- og hafnarmálum á síðustu áratugum 19. aldar, álíka og önnur sveitafélög í landinu. Hafnarsjóður var þó stofnaður á vegum sveitafélagsins 1882 og tekin hafnargjöld af þeim skipum sem komu til Akureyrar. Það leiddi af sér að 1888 stóðu bæjarfélagið og hafnarsjóður fyrir því að gerðar voru tvær byggjur, önnur á Oddeyri og hin á Akureyri. Bryggjan sem byggð var á Akureyri 1891, var steinbyggja, en bryggjan inn af Oddeyri trébyggja.

Árið 1903 var steinbyggjan lengd, settur á hana byggjuhaus sem var gerður úr skrokki af frönsku fiskiskipi sem var keypt sérstaklega fyrir þessa aðgerð. Þá var einnig hafin smíði á byggju á Torfunefi, sem var gerð með uppfillingu og staurapili. Í ágúst 1905 var svo byggjan vígð, en ekki tókst betur til en daginn eftir vígsluna sprakk staurapilið undan eigin þunga.

Þá var Thorvald Krabbe verkfræðingur fenginn til að endurhanna byggjuna og árið 1907 var lokið við smíði hennar, sem var gerð eftir tillögu hans timburpili eins og var í fyrri byggjunni og og í það var sett fyllingarefni.
Bls. 347-348.

Samkvæmt gerðabókum hafnarnefndar kemur það fram árið 1928 að farið er að huga að því að lengja byggjuna um 27 metra til norðurs. En tekið jafnframt fram að nefndin geri ekki ráð fyrir framkvæmdum fyrst um sinn.
Gjörðabók Hafnarnefndar byrjuð 30. sept. 1922 enduð 11 júlí 1931 bls. 130- 131. málsgr.5. A10/35.

1929 1930 eru svo ræddar áfram tillögur og kosnaðaráætlanir um stækkun.
1947 er síðan lögð fram tillaga um lenginu ásamt kostnaðaráætlun.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. Ónúmeraðar. A10/147.

1950 er lögð áhersla á að lenging Torfunefnsbyggju gangi fyrir, þrátt fyrir að fjárreiður hafnarinnar séu ekki miklar sem stendur.

Niðurstöður:

Þær heimildir sem hafa verið skoðaðar gefa óljósar vísbendingar um þær breytingar sem hafa verið gerðar á Torfunefsbyggju frá því hún var endurbyggð 1907. Það sem kemur fram í fundargerðum hafnarnefndar er m.a. eftirfarandi:

1914 er hafnarefnd sammála um nauðsyn þess að sementssteypa hluta af bryggjuhaus hennar og samkvæmt bókunum hafnarnefndar virðist því verki lokið 1916.

1917 þarf einnig að laga bryggjuna eftir að m/s Björg af skemmt hana.

1919 í október eru sett upp ljósker á bryggjuna sem eiga að loga á hverju kvöldi til 15. nóv.

Árið **1920** veldur e/s Ísland heilmiklum skemmdum á bryggjunni í suðaustan roki sem þá gekk yfir. Var skaðinn metinn af dómkvöddum mönnum kr. 500, en skipstjórinn hafði neitaði að borga.

1921 þarf að laga bryggjuna að framan. Einnig að láta lagfæra til til bráðabirgða þilvegginn fram við uppfyllinga í Torfunesi

Það er svo **1928** að lagt er fram tilboð og teikningar af framlengingu bryggjunnar til norðurs um 27 metra. Tillögunar verða sendar vitamástjóra til umsagnar, þótt nefndin geri ekki ráð fyrir framkvæmdum fyrst um sinn.

1929 er framlögð teikning og lausleg kostnaráætlun, og nú vill nefndin láta stækka hana um 19 álnir til norðs og 8 ½ alin til austurs. Efni sem þarf að kaupa í þessa viðbót er áætlað að minnsta kosti kr. 3000. Og vinna saumar og boltar ca 2000. Nefndin leggur til að þessi aðgerð á bryggjunni sé gerð.

Sama ár eru lagaðar fram teikningar af stækkun Torfunefsbyggjunnar og ræddar ítarlega, og eru fyrirkomulags breytingar lagðar fyrir vitamálskrifsofunna til athugunar.

1930 er svo lagður fram til athugunar uppdráttur og tilboð á framlenginu bryggjunar frá Kierulff kaupmanni. Samþykkt var að fresta ákvörðun til næsta fundar.

Þá hefur hafnarnefnd sent vitamálastjóra fyrirspurn varðandi þetta tilboð sem hefur borið í sér að bryggjan verði lengd um 15 m, en vitamálastjóri svarar því að ekki sé hægt að gera það án þess að áður fari fram athugun á staðnum.

Frá árunum **1930 - 1947** er lítið fjallað um Torfunefsbyggju í fundargerðum hafnarnefndar, nema þá helst að árið **1942** er leggur nefndin það til að bryggjan verði malbikuð eða steynsteypt eins fljótt og tíðarfar og aðstæður leyfa.

Það er svo **1947** að lögð er fram tillaga frá Vitamástjóra um lengingu Torfunefsbyggju og nefndin leggur til að lenging verði gerð samkvæmt áætlun Vitamálsstofnunar um að grjótfylla með staurum úr járnbentri steynsteypu bátakvíarmegin, en tréstaumar að utan ef ekki verður hægt að breikka bryggjuna samtímis. Nefndin vill taka fram að hún telji nauðsynlegt að breikka bryggjuna á þessu sumri, enda benda líkur á að bryggjan sé orðin léleg, og jafnframt er verið að rannsaka ástand hennar vegna tréátu.

Í apríl **1947** er hafin bráðbirgða viðgerð, og fyrirhugaðar breytingar á bryggjunni ræddar og hugað eftir að leita tilboðum vegna efniskaupa. Tilboð liggja fyrir í ágúst og þá er að sækja um innflutnings - gjaldeyrisleyfi.

Í júní **1948** er ákveðið að panta efni til endurbyggingarinnar í trausti þess að lán fáið til framkvæmdanna. Í september hefur lánið ekki fengist, en reynt verður að leita annara leiða. Í september hefur tekist að fá vixil fyrir verkinu.

Í mars **1949** er samþykkt að leita tilboða á flutning á 780 tonnum af járni til nýrrar Torfunefsbryggju. Jafnframt sé hægt að fá uppmokstursskip sem geti nú þegar byrjað að grafa.

Í ágúst leggur vitamálstjóri til að hætt verði við að breikka bryggjuna, en að járnþil verði sett suðaustan á hana. Við það sparist efni sem síðan er hægt að nota í bólverk sunnan Strandgötu.

Það er svo í júní **1950** að vitamálstjóri leggur fram teikningu af lengingu á bryggjunni, og hafnarnefnd leggur til að bæjarstjórn samþykki uppdráttinn fyrir sitt leiti. En þar sem fjárreiður hafnarinnar eru ekki sem bestar, og mörg verkefni bíða, skuli lenging Torfunefsbryggju ganga fyrir.

1974 verður mikið tjón á syðri Torfunefsbryggjunni þegar m/s Ísborg kom til Akureyrar.

Að þessari gegnumferð lokinni er ekki rætt meira um lengingu Torfunefsbryggjunnar í fundargerðum Hafnarstjórnar.

Samantekt á niðurstöðum.


Torfunesfbryggjan var byggð 1907. Ekki eru neinar beinar heimildir um að byggt hafi verið við hana á næstu áratugum, og að líkindum ekki fyrr en um 1950.

Í gegnum árin hefur tréþil bryggjunnar þurft endurnýjunar við þó að í gögnum komi það ekki beint fram hvar á þilinu hafa viðgerðir farið fram. Í gögnum um bryggjuna má lesa að bryggjan hafi nokkuð oft laskast bæði af völdum skipa sem hafa þá siglt á bryggjuna eða vegna veðurfars og íslagnar sem hafa valdið skemmdum. Þessar skemmdir virðast hafa verið algengari fyrir árið 1950, áður en bryggjan var lengd, þótt vissulega hafa hún einnig orðið fyrir skemmdum eftir það. Þá er einnig getið um það 1947 að tréáta herji á tréverk bryggjunnar. Það má því leiða líkum að því að hið upprunalega tréverk bryggjunnar sé meira og minna endurnýjað, ef ekki horfið. Það er þó hugsanlegt að þegar járnþilið er klætt á suðausturhlið bryggjunnar um 1950, þá hafi það verið klætt að einhverju leiti á elsta tréverk hennar, en það er þá vel geymt undir járnþilinu.


Þegar Drottningarbrautin lögð árið 1973 fór hún yfir hluta af gömlu bryggjunni, þannig að sá hluti hennar hvarf við þá aðgerð. Þá hefur einnig verið fyllt að öllu tréverkinu á norðvesturhlið elsta hluta bryggjunnar, svo sem sjá má á myndinni á næstu síðu.

Niðurstaðan er þannig að erfitt sé að segja til um hvort eitthvað standi eftir af upprunalegu bryggjunni frá 1907, og ef svo er, hefur það lent undir Drottningarbrautar landfyllingunni 1973 eða verið klætt með stálþili um 1950.

Kort



Tillaga Krabbe að Torfunefsbryggja frá 1905. Bryggjan var byggð eftir þessari tillögu.



Fyrirhuguð stækkun bryggjunnar og upphaflega bryggjan þar sem langhliðin var klædd með stálpili um 1950.

Heimildaskrá:

Registur yfir gerðabækur Hafnarnefndar.

Gjörðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922. A 10/134.

Gjörðabók Hafnarnefndar byrjuð 30. sept. 1922 enduð 11 júlí 1931. A 10/135.

Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. málsgr. 2 Bls. Ónúmeraðar. A 10/147.

Hafnarstjórn Akureyrar. Bók nr: 21/6 1972 - 22/3 1978. A 10/152.

Siglingamálastofnun 2009. Íslenskar hafnir og hafnargerð.

Heimildarmaður: Pétur Ólafsson hafnarstjóri Akureyrar, viðtal í febrúar 2016.

Fylgiskjal

Texti úr fundargerðum hafnarstjórnar Akureyrar varðandi Torfunefsbyggju.

- 1908 4/2 Hafnarnefnd ályktar:
Að bæjarstórn fari þess á leit við Stjórnarráðið að verkfræðingur Th. Krabbe verði sendur hingað norður í næstkomandi maí eða júní til þess að veita hafnarnefndinni faggóða aðstoð við að fullgjöra Torfunefsbyggjuna, og frekari framkvæmdir snertandi skipakvína og endurbætur á Akureyrarbryggjunni. Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsg. 1) bls. 9. A 10/134.
- 1914 15/6 Hafnarnefnd sammála um að nauðsynlegt væri að sementsteypa sem svara ¼ af yfirborði byggjuhauss Torfunefsbyggju og réttast að byrja á suðausturkantinum. Með því að nefndin hefur ekki getað fengið þá menn hér í bænum sem færir þykja, hefur hún ráðið sviann Normann sem hefur unnið hér við vatnsleiðsluna til að taka starfið að sér hann vinnur "í acord" og fær hann kr. 1.20 fyrir að steypa hvern fermetra, með 6 þumlunga þykkt. Nefndin verður að sjá um að efni sé fyrir hendi á staðnum. Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsg. 1) bls. 63. A 10/134.
- 1915 6/4 Samþykkt að byrja sem fyrst að veðrátta leyfir að undirbúa á steinsteypupalli á Torfunefsbyggju og gera það verk fullgert að vori. Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsg. 2c) bls. 83. A 10/134.
- 1915 19/4 S Normann sá er gerði steynsteypuna á Torfunefsbyggju í fyrra hefur boðist til að vinna sömu vinnu fyrir sama verð og í fyrra eða fyrir 120 kr. fyrir hvern fermetra. Nefndin gekkst að þessu að þessu tilboði og er þá verktaki skyldugur til að moka undan steinsteypunni, en hafnarnefndin leggur til allt efni bæði möl og sand og cement á sama hátt og í fyrra. Nefndin ætlast til að verkinu verði lokið fyrir 18. júlí næstkomandi. Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsg. 3) bls. 85. A 10/134.
- 1916 1/5 Cementering á Torfunefsbyggjunni. Á þessu ári eru áætlaðar kr. 1500.00 til þessa verks. Þegar hafa verið keyptir 120 sekkir af cementi, en þar sem cement og verk verður miklu dýrara en venjulega er það fyrirsjáanlegt að hin áætlaða upphæð hrekkur ekki til þess að fullgjöra verkið eins og fyrirhugað væri óskar því hafnarnefndin að bæjarstjórnin taki ákvörðun um það, hvort meira fé megi verja og fullgjöra verkið, eða eða nokkur hluti þess megi bíða næsta árs. Hafnarnefnd telur æskilgra að verkinu verði fulllokið í ár. Samþykkt að ráða Normann hin sænska til þess að vinna að steypunni fyrir kr. 1.50 fermetrinn. Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsg. 2) bls. 109-110. A 10/134.
- 1916 21/8 Kirk verkfræðingur mætti á fund hafnarnefndar, verkfræðingurinn skýrði frá því að hann hefði athugað höfnina, og áleit hann hyggilegast að fylla upp á

milli Torfunefsbyggju og bátabyggjunnar inn í bænum þannig að "bólverk" lengist til uppskipunar á kolum úr allt að tveimur skipum í einu, eða að öðru leiti yrðu byggðar síldarbyggjur út frá uppfyllingunni eftir þörfum. En áður þyrfti mælingar og bornanir til að rannskaka svæðið nákvæmlega, svo að kostnaðarætlun yrði gjörð, en til þess hefði hann ekki tíma nú, með því að tæki allt að 3 vikna tíma, bauðst hann til að lána mann í haust, og leggur nefndin til í einu hljóði að því tilboði verði tekið og skyldi jafnframt unirbúa áætlun yfir kostnað við það að grafa út suður með Fjörunni og fylla upp fram með honum og enfremur áætla hvað kosta mundi að fylla upp í Oddeyrarbótina á milli Torfunefsbyggju og Oddeyrar við Glerárgötu, og leggur nefndin til að Kirk verði falið að gera teikningar og kostnaðaráætlunina yfir þess verk öll.

Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 21/8 1906-6/5 1922, bls. 115-116.
A 10/134.

1917 19/10 Þá hafði m/s Björg í síðustu ferð sinni skemmt Torfunefsbyggjuna og var formanni falið að útnefna menn til að virða þær skemmdir og innheimta skaðabætur.
Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsgr.23 bls. 132.
A 10/134.

1919 5/10 Samþykkt að láta kveikja á ljóskerri á Torfunefsbyggju á hverju kvöldi til 15. nóv. þ.á.
Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsgr.2) bls.163.
A 10/134.

1919 3/11 Nefndin fól bæjarstjóra að kaupa ljóskeir á Torfunefsbyggju, samkvæmt ákvörðun hafnarnefndar 9. des 1907 ber byggjuverði að passa þetta hafnarljós.
Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsgr. II) bls.163.
A 10/134.

1920 18/5 E/s Ísland gerði heilmiklar skemmdir á Torfunefsbyggjunni í suðaustanrokinu 22. þ.m. Þar er skiptjóri neitar að greiða nokkrar bætur fyrir skemmdirnar og voru þá dómskvaddir menn látnir meta skaðann og mátu þeir hann 500 krónur.
Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906- 6/5 1922, málsgr.5) bls. 172-173. A 10/134.

1921 5/1 Bjarni Einarsson leggur fram reikning varðandi umsjón við aðgerðir við byggjuna á Torfunefi þar sem verkinu er lokið og nemur verkið með efni 53.1304 kr, að undaskildum þeim trjávið sem key ptur er frá Hjalteyri sem og ekki á að greiða fyrir fyrr en á vori komanda.
Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsgr 2) bls. 187.
A 10/134.

1921 30/4 Nefndin ákvað að láta gjöra við Torfunefsbyggjuna að framan svo fljótt sem við verður komið, Einnig að láta lagfæra til til bráðabirgða þilvegginn fram við uppfyllinguna í Torfunesi.
Registur yfir gerðabók Hafnarnefndar 24/9 1906-6/5 1922, málsgr.2) bls. 118.
A 10/134.

- 1928 20/6 Framlagt tilboð og teikningar af framlenginu á Torfunefsbyggjunni til norðurs um 27 metra. Tilboðið er kr. 82.000 danskar, með framvegg úr járn, en d.kr. 75.000 ef vegurinn er úr tré. Tillögur þessar verða sendar vitamálastjóra til umsagnar, enda þótt nefndin geri ekki ráð fyrir framkvæmdum fyrst um sinn.
Gjörðabók Hafnarnefndar byrjuð 30. sept. 1922 enduð 11 júlí 1931 bls. 130-131. málsg. 5. A 10/135.
- 1929 16/5 Framlögð teikning og lausleg kostnaráætlunum stækkun á Torfunefsbyggjunni, vill nefndin láta stækka hana um 19 álnir til norðurs og ca 8 ½ alin. til austurs. Efni sem þarf að kaupa í þessa viðbót er áætlað að minnsta kosti kr. 3.000, og vinna, saumar og boltar ca. 2.000. Nefndin leggur til að þessi aðgerð á byggjunni sé gerð.
Gjörðabók Hafnarnefndar byrjuð 30. sept. 1922 enduð 11 júlí 1931 bls. 150 málsg. 3. A 10/135.
- 1929 21/5 Lagðar fram teikningar af stækun Torfunefsbyggju og ræddar ýtarlega, bæjarstjóri og bæjarverkfræðingu benda á nokkrar fyrirkomulagsbreytingar til athugunar fyrir vitamálskrifstofuna,
Gjörðabók Hafnarnefndar byrjuð 30. sept. 1922 enduð 11 júlí 1931 málsg. 1 bls, ónúmerað. A 10/135
- 1930 3/3 Fyrirtekið. Bæjarstjóri lagði fram til athugunar uppdrátt gerðan af kaupmanni Kierulff yfir framlenginu á Torfunefsbyggjunni ásamt tilboði frá sama. Vinna við að framkvæma verk þetta fyrir D. kr. 82.000- eða 75.000 D.kr. 75.000 eftir því hvort notað sé járn eða timbur til byggingarinnar og D.kr. 3.000 lægra ef byggjustykkið er látið mjökka til endana. Eftir umræður og athuganir var samþykkt að fresta að taka ákvörðun til næsta fundar að taka ákvörðun um málið.
Gjörðabók Hafnarnefndar byrjuð 30. sept. 1922 enduð 11 júlí 1931 bls. 164, málsg. 1. A 10/135
- 1930 22/3 Svarbréf vitamálastjóra við fyrirspunum frá síðasta fundi Hafnarnefndar varðandi Torfunefsbyggju, eftirfarandi svör eru: 1: Að ekki muni duga að lengja byggjuna um 15 m. Þar sem áður þurfi að gera athugun á staðnum til að leggja endanlegan dóm á þetta
Gjörðabók Hafnarnefndar byrjuð 30. sept. 1922 enduð 11 júlí 1931 bls. 164, málsg. 3. A 10/135
- 1947 10/3 Lögð fram tillaga frá Vitamálastjóra um lengingu Torfunefsbyggju og kostnaðaráætlun. Nefndin leggur til að framlenging verði gerð samkvæmt áætlun Vitamálastofnunar, um að grjótfylla með staurum úr járnbentri steynsteypu bátakvíarmeginn, en tréstaurar að utan ef ekki verður hægt að breikka byggjuna samtímis.
Jafnframt vill nefndin taka fram að hún telur nauðsynlegt að breikkun byggjunnar verði gerð á þessu sumri, enda benda líkur á að byggjan sé orðin svo léleg að hún geti bilað stórkostlega þegar minnst varir. Fullnaðarrannsókn um skemmdir á byggjunni vegna tréátu er nefndin að láta gera.

- Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. ónúmeraðar. A 10/147.
- 1947 30/4 Bráðabirgða viðgerð hafin á syðri Torfunefsbyggju. Ræddar fyrirhugaðrar breytingar á Torfunefsbyggju, og farið fram á að Vitamálsskrifstofa leiti tilboða í efni í byggjuna.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. ónúmeraðar. A 10/147
- 1947 11/8 Tilboð komið í járn til viðgerða á byggjunni, og óskað eftir við vitamálastjóra að hann saki um innfluttningleyfi og gjaldeyrirsleyfi fyrir efni til viðgerðar og stækkunnar á byggjunni.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. ónúmeraðar. A 10/147.
- 1947 30/9 Lagður fram uppdráttur og kostnaráætlun af bráðabirgðarannsóknnum við Torfunefsbyggjuna. Enfremur frá vitamálastjóra að staurar sem liggja á Akureyri og Dalvíkurhöfn verði notaðir í Torfunefsrammann.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. Ónúmeraða. A 10/147
- 1948 12/5 Vitamálastjóri óskar eftir staðfestu umboði til að undirrita ábyrgðatryggingarvísil vegna timburkaupa til Torfunefsbyggjunar, Bæjarstjóri sendi umboðið til vitamálastjóra.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. ónúmeraðar. A 10/147.
- 1948 12/6 Bæjarstjóri hefur í samráð við hafnarnefnd ákveðið að panta allt efni til endurbyggingar á Torfunefsbbyggjunni í því trausti að lán fáiist til framkvæmdanna,
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. ónúmeraðar. A 10/147.
- 1948 13/9 Ekki hefur fengist lán til framkvæmdanna við Torfunefsbyggju, en bæjarstjóra er falið að leita annara leiða.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. ónúmeraðar. A 10/147
- 1949 21/3 Nefndin samþykkir að leita tilboða í flutning á ca. 780 tonnum af járn til nýrrar Torfunefsbyggju.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. ónúmeraðar. A 10/147
- 1949 2/6 Rætt um endurbyggingu á Torfunefsbyggjunni og áætlanir þar að lútandi, og að Grettir geti byrjað uppgröft eftir ca. vikutíma.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. Bls. ónúmeraðar. A 10/147
- 1949 23/8 Vitamálastjóri leggur til að hætt verði við að breikka Torfunefsbyggjuna, en járnþil verði sett suðaustan á hana, við það sparist efni sem síðan er hægt að nota í bólverk sunnan Strandgötu. Nefndin samþykkir tillögu vitamálastjóra.
Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. málsgr. 2 Bls. ónúmeraðar. A 10/147.
- 1950 21/6 Lögð fram teikning frá Vitamálaskrifstofunni, dags. í apríl af lengingu á innri Torfunefsbyggjunni. Hafnarnefnd leggur til að bæjarstjórn samþykki uppdráttinn fyrir sitt leiti. Þar sem fjárreiður hafnarinnar eru nú sem stendur þannig, að ekki eru líkur til að hægt verði að koma í framkvæmd í bili nema litlum hluta af aðkallandi verkum. Samþykkir nefndin að auk nauðsynlegs viðhalds, skuli áhersla vera á minni dráttarbrautina og lengingu

Torfunefsbyggju ganga fyrir.

Hafnarnefnd 1946 10/10-1958 12/12. málsgr. 1, bls. ónúmeraðar. A10/147.

1974 6/6

Allmikið tjón á syðri Torfunefsbyggjunni þegar m/s Ísborg kom til Akureyrar.

Hafnarstjórn Akureyrar. Bók nr: 21/6 1972 - 22/3 1978. Bls. 66, málsgr. 2. A 10/152.